

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 111/2024

2024/EES/60/29

frá 26. apríl 2024

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn, um afnám  
tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/889 frá 25. apríl 2023 um að veita heitinu „De Voerendaalse Bergen“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2824 frá 11. desember 2023 um að veita heitinu „Emilia-Romagna“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í 7. mgr. inngangsorða í bókun 47 við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) Bókun 47 við EES-samninginn er því breytt í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

## 1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 8zd (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2182) í I. viðauka við bókun 47 við EES-samninginn:

„8ze. **32023 R 0889**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/889 frá 25. apríl 2023 um að veita heitinu „De Voerendaalse Bergen“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L 114, 2.5.2023, bls. 12).

8zf. **32023 R 2824**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2824 frá 11. desember 2023 um að veita heitinu „Emilia-Romagna“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L, 2023/2824, 18.12.2023).“

## 2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/889 og (ESB) 2023/2824, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. apríl 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 114, 2.5.2023, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L, 2023/2824, 18.12.2023.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.